

REGLUGERÐ

um (47.) breytingu á reglugerð nr. 672/2008 um hámarksgildi varnarefnaleifa í matvælum og fóðri.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirtaldir ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/85 frá 20. janúar 2022 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flóníkamíð í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 541.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1531 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 hvað varðar hámarksgildi leifa aklónifen, akrínatrín, *Bacillus pumilus* QST 2808, etrímól, penþíópýrad, píklóram og *Pseudomonas* sp. Stofn DSMZ 13134 í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 245.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1771 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 hvað varðar hreðkublöð. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 270.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1795 um leiðréttingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 hvað varðar hámarksgildi leifa af terbútýlasín í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 272.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1804 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 hvað varðar hámarksgildi leifa fyrir bentasón í ertum með fræbelg. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 275.
6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1807 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 hvað varðar hámarksgildi leifa af asíbensólar-S-metýl, vatnsútdrætti spíraðra fræja af sætri *Lupinus albus*, asoxýstróbín, klópýralíð, sýflúfenamíð, fludíoxoníl, flúópýram, fosetýl, metasaklór, oxapíapíprólin, tebúfenósíð og þíabendasól í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 288.
7. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1810 frá 14. október 2021 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 hvað varðar hámarksgildi leifa af efninu sípródíníl í eða á bláberjum, trönuberjum, rífsberjum og blæjuberjum. Umsókn barst um notkun efnisins á þessar plöntur. Notkunin var heimiluð í ljósi niðurstöðu vísindaálits EFSA á áhrifum á neytendur og því þarf að breyta hámarksgildunum. Hámarks-

- gildum breytt í II. viðauka við reglugerð nr. 396/2005/EB. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 325.
8. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1881 frá 26. október 2021 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 hvað varðar hámarksgildi leifa ímídaklópríð í eða á tilteknum afurðum. Hámarksgildi leifa ímídaklópríðs eru lækkuð í ýmsum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 340.
 9. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1884 frá 27. október 2021 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 hvað varðar hámarksgildi leifa klórataníllípról í belgjurum. Hámarksgildi leifa klórataníllípróls í belgjurum eru hækkuð. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 355.
 10. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1864 frá 22. október 2021 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 hvað varðar hámarksgildi leifa af efnunum amísúlbróm, flúbendíamíð, meptyldínókap, metaflúmísón og própíneb í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 368.
 11. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1841 frá 20. október 2021 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 hvað varðar hámarksgildi leifa af 6-besýladenín og aminópýralíð í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 397.
 12. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1842 frá 20. október 2021 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 hvað varðar hámarksgildi leifa af flúpýradífúron og díflúoredíksýu í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 410.
 13. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2202 frá 9. desember 2021 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 hvað varðar hámarksgildi leifa asekinósýl, Bacillus subtilis stofn IAB/BS03, emamektín, flútolaníll og imasamox í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 424.

2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli.
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 21. júní 2022.

Svandís Svavarsdóttir.

Emilía Madeleine Heenen.

B-deild – Útgáfudagur: 17. ágúst 2022